

námi og hefur jafnframt unnið undir stjórn meistarara í mjólkuriðn í a.m.k. eitt ár sbr. 10. gr. iðnaðarlaga, nr. 42/1978.

7. gr.

Reglur þessar eru settar með stoð í 29. gr. laga um framhaldsskóla, nr. 80/1996 og öðlast þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytinu, 30. ágúst 2004.*

**Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir.**

*Guðmundur Árnason.*

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag landspildunnar Eyvindarholt 1, Álftanesi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum samþykkti bæjarráð Álftaness í umboði bæjarstjórnar þann 19. ágúst 2004 deiliskipulag landspildunnar Eyvindarholt 1, Álftanesi.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Álftanesi, 9. september 2004.*

**Gunnar Valur Gíslason** bæjarstjóri.

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi við Austurveg í Hrísey.

Hreppsnefnd Hríseyjarhrepps hefur þann 23. júlí 2003 í samræmi við 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt breytingu á deiliskipulagi við Austurveg, Eyjabyggð og Búðartanga. Breytingin, sem sett er fram á uppdrætti dags. 30. nóvember 2002, felst einkum í breyttri lóðaskipan og færslu götunnar Búðartanga til austurs. Gert er ráð fyrir nýrri lóð, nr. 14 við Austurveg.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

*Akureyri, 9. september 2004.*

F.h. Akureyrarkaupstaðar,

**Bjarni Reykjalín**, skipulags- og byggingarfulltrúi.